

Sp.

120. Nefndarálit

[25. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að halda áfram að greiða upp-
bætur á laun opinberra starfsmanna.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. 2 nefndarmenn vilja samþykkja till. óbreytta, 6 nefndarmenn eru á móti till. Ég vil hins vegar samþykkja tillöguna með breytingum.

Um það verður ekki deilt, að síðan launalögin voru samþykkt hefur dýrtíðin í landinu vaxið að mun, enda er nú svo komið og viðurkennt af flestum, að laun hinna lægra launuðu starfsmanna hrökkvi ekki fyrir brýnustu lífsnauðsynjum. Alþingi viðurkenndi þessa staðreynd á s. l. vori, þegar það samþykkti að heimila ríkisstjórninni að greiða þær uppbætur, sem hér er farið fram á að framlengja.

Ég álit hins vegar, að ekki sé rétt að ganga fram hjá því, að lögákveðin laun eru mjög misjöfn eftir launaflokkum. Þannig hefur lægsti launaflokkur 3600 kr. grunnlaun, eða 10800 kr. með núgildandi verðlagsuppbót, en hæsti flokkur 15000 kr. grunnl., þ. e. 45000 kr. með verðlagsuppbót. Þar sem eingöngu er um að ræða bætur vegna aukinnar dýrtíðar, virðast öll rök hniga að því, að ekki sé ástæða til að greiða þær uppbætur eftir sömu hlutfallstölu á öll laun, heldur beri að greiða hlutfallslega hærri upphæð á lág laun og miðlungslaun en laun í hinum hærri flokkum. E. t. v. verður þessu fyrirkomulagi mótmælt með þeim rökum, að með því sé verið að raska þeim grundvelli, sem launastiginn byggist á og viðurkenndur var við setningu launalaganna. Því er til að svara, að þær uppbætur, sem hér er um að ræða, eru eingöngu greiddar vegna hækkaðs verðs á lífsnauðsynjum, það er hinn eðlilegi lífeyrir, sem þarf að hækka. Aðrir þættir launagreiðslnanna, sem byggjast á eðli hinna ýmsu starfa, t. d. það, sem tekið er tillit til, að eitt starf kostar meiri og dýrari undirhúning en annað, einu starfi fylgir meiri ábyrgð en öðru, hafa ekki breytzt. Ég tel því, að með þessum uppbótargreiðslum eigi fyrst og fremst að taka tillit til þess fjölda, sem sannarlega á erfitt með að láta laun sín hrökkva fyrir lífsnauðsynjum, þótt e. t. v. geti talizt réttmætt að greiða nokkrar uppbætur á hin hærri laun. Mun sú aðferð, að greiða hlutfallslega lægri uppbætur á háu launin, áreiðanlega spara ríkissjóði nokkurt fé, og þar sem sýnt er, m. a. með afstöðu meiri hluta fjárveitinganefndar, að óvíst mun um afdrif málsins í þinginu, er því meiri ástæða til að finna millileið, er samkomulag geti náðst um.

Þá ber þess enn fremur að gæta, að verulegur hluti þeirra uppgjafastarfsmanna, er unnið hafa langa starfsævi í þjónustu ríkisins og nú njóta aðeins lítilla eftirlauna, eiga við miklum mun erfiðari fjárhag að búa en starfandi embættismenn í hinum hærri launaflokkum. Virðist því alleinkennilegt, að þeir, sem standa að flutningi þessarar tillögu og vilja samþykkja hana óbreytta, skuli hafa gleymt þessu fólki.

Ég legg því til, að tillagan á þskj. 29 verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða til bráðabirgða uppbætur á laun starfsmanna ríkisins vegna aukinnar dýrtíðar, 20% á grunnlaun upp að og með 650 kr. á mánuði, en síðan lækkandi um 1.5% á hvern launaflokk þar fyrir ofan.

Enn fremur sé ríkisstjórninni heimilt að greiða uppbætur á eftirlaun uppgjafastarfsmanna, 20% á allt að 500 kr. grunnlaun á mánuði.

Alþingi, 16. des. 1949.

Ásmundur Sigurðsson.